

TEIKNIMYND GEGN KYNFERDISOFBELDI

**Segjum nei,  
segjum frá!**



Kynferðisofbeldi gegn börnum er samfélagsmein sem við viljum sporna við af bestu getu. Þar sem þessi brot eru gjarnan framin inni á heimilunum og af einhverjum sem barn treystir og þekkir hafa þau verið sveipuð þagnarhjúpi. En hversu algeng eru þau? Um það er erfitt að fullyrða, þar sem svo fá þeirra eru kærð. Þó má benda á íslenska rannsókn sem gerð var árið 2002 á kynferðislegri misnotkun barna. Hún leiddi í ljós að tíundi hver drengur og fimmta hver stúlka verði fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur.


### Nokkrar staðreyndir:

Neikvæð sálræn áhrif kynferðislegrar misnotkunar geta náð allt fram á fullorðinsár og jafnvel ævina á enda. Meðal algengra langtímaeinkenna eru tilfinningaleg viðbrögð eins og þunglyndi, kvíði, sektarkennd og skömm.

Rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli kynferðislegrar misnotkunar og sjálfsvígshugsana og endurtekinna sjálfsvígstílauna.

Meirihluti kynferðisbrota á sér stað þegar börn eru á aldrinum 5–10 ára en í lang flestum tilvikum leita ein-

staklingar ekki aðstoðar fyrr en á fullorðinsárunum. Með verkefninu er reynt að rjúfa þess þögn.



## FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 2008 BÁRUST BARNVERNDARNEFND 247 TILKYNNINGAR UM KYNFERÐISLEGT OFBELDI GEGN BÖRNUM Á ÍSLANDI

Í AÐEINS 0,5% TILFELLUM VORU ÞAÐ BÖRNIN SJÁLF SEM TILKYNNTU UM OFBELDIÐ.

**NÁNAST ÖLL ÚRRÆÐI MIÐA AÐ ÞVÍ AÐ HJÁLPA BÖRNUM OG AÐSTANDENDUM EFTIR AÐ MISNOTKUN HEFUR ÁTT SÉR STAÐ EN LÍTIL ÁHERSLA ER LÖGD Á FORVARNIR.**

TÆP 99% SKÓLASTJÓRNENDA MYNDU VILJA ÞIGGJA NÝTT FRÆDSLUEFNI Á ÞESSU SVIÐI.



Stjórn samtakanna Réttindi barna: Katrín Oddsdóttir, Árni Geir Pálsson, Halla Tómasdóttir, Oddný Sturludóttir og Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Nánari upplýsingar veitir Andrea Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Réttinda barna: andrea.osk.jonsdottir@gmail.com, sími 693 9374

Samtökin *Réttindi barna* standa að framleiðslu teiknimyndar sem upplýsir börn um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig þau geti brugðist við slíkri ógn. Myndin verður send í alla 8 ára bekk landsins í sérstökum kassa sem inniheldur auk myndarinnar stuðningsefni fyrir kennara og dreifiefni fyrir börnin.

## VERKEFNIÐ HEFUR FENGIÐ JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ FRÁ FAGADILUM, YFIRVÖLDUM, SKÓLASTJÓRUM, FORELDRUM OG ALMENNINGI.

### Handritið:

Felix Bergsson hefur hafið störf sem handritshöfundur en handritið verður unnið í samvinnu við fagteymi sérfræðinga.



Felix



Máni

### Teiknimyndin:

Helga Lóa Kristjánsdóttir og Sunna Björk Mogensen munu sjá um hönnun og gerð teiknimyndarinnar í samstarfi við teymi frá Margmiðlunarskóla Tækniskólans og sérfræðinga CCP. Máni Svavarsson, tónlistarmaður, mun sjá um tónlist og hljóð fyrir myndina. Meðal leikara sem talsetja myndina eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Linda Ásgeirsdóttir og Hallgrímur Ólafsson.



Ólafía Hrönn



Linda



Hallgrímur

### Dagurinn:

Myndin verður sýnd samdægurs í öllum skólum og verður haldinn sérstakur dagur gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum af því til efni. Thelma Ásdísardóttir verður verndari verkefnisins og talsmaður. Hugmyndin er sú að dagur gegn kynferðislegu ofbeldi verði árlegur viðburður.

### Fjármögnunin:

Þegar er búið að fjármagna stóran hluta verkefnisins og eru HR og Margmiðlunarskóli Tækniskólans stærstu styrktaraðilar. Fagteymi, listamenn, stjórn samtakanna, teiknarar og sérfræðingar CCP gefa vinnu sína við verkefnið. Nú er leitað eftir stuðningi og styrkjum af öllum stærðargráðum til þess að mögulegt sé að klára handrit og framleiðslu teiknimyndar.

Öll framlög skipta sköpum fyrir verkefnið!

### Tilgangur verkefnisins:

- Að skapa nýjung í forvarnarfræðslu á kynferðisofbeldi gegn börnum.
- Að framfylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Barnaverndarlaga og Grunnskólalaga með því að fræða öll átta ára börn í gegnum skólakerfi landsins.
- Að skapa vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi og réttindi barna í samfélaginu.
- Að koma upplýsingum til barna um hvernig þau geta brugðist við ef þau verða fyrir kynferðisofbeldi.
- Stuðla að fækkun kynferðisafbrotá gagnvart börnum og lækka þar með samfélagslegan kostnað sem fylgir afleiðingum ofbeldisins.
- Auka vitneskju og færni kennara í málum tengdum kynferðislegu ofbeldi.
- Að fylla upp í gat í kennsluefni í íslenskum grunnskólum.
- Að tengja saman fjölmörg úrræði gegn kynferðislegu ofbeldi sem fyrirfinnast í dag.
- Að skapa íslenskt nýsköpunarverkefni á sviði mannréttinda og kennslufræða.



**SAMTÖKIN STEFNA AÐ ÞVI AÐ NÝTA ÞÁ ÞEKKINGU SEM SKAPAST Í VERKEFNINU TIL AÐ BÚA TIL FLEIRI TEIKNIMYNDIR ER VARÐA RÉTTINDI BARNNA.**

---

„Það er ekki aðalatriði að við höfum ávinning af lífinu,  
heldur hitt, að lífið hafi ávinning af okkur.“

BÖRGE OUTZE

---

Réttindi barna  
Ofanleiti 2  
103 Reykjavík  
Sími 693 9374

kt. 610909-1160  
0301-26-610909

SAMSTARFSADILAR:

---

